



Meistaramót GM

Reglur og framkvæmd

1. gr - Almenn

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Meistaramóti GM. Meistaramótið fer fram í byrjun júlí ár hvert og þátttökurétt hafa þeir félagsmenn í GM sem gengið hafa frá greiðslu félagsgjalds.

2. gr – Flokkaskipting og skipulag

Meistaramót GM er leikið í eftirfarandi flokkum og með eftirfarandi leikfyrirkomulagi. Mótsstjórn getur heimilað kylfingum að leika einn flokk upp fyrir sig óski þeir þess.

Karlaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (4.4 og lægra í forgjöf)	Hvítir	72 holur	Höggleikur
1. flokkur (4.5 – 9.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
2. flokkur (9.5 – 14.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
3. flokkur (14.5 – 20.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
4. flokkur (20.5 – 29.9 í forgjöf)*	Gulir	72 holur	Höggleikur**
5. flokkur (30 + í forgjöf)*	Gulir	54 holur	Höggleikur**
Öldungaflokkur 50+	Gulir	54 holur	Höggl/Höggl.m/forgjöf
Öldungaflokkur 65+*	Rauðir	54 holur	Höggl/Höggl.m/forgjöf**

Kvennaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (8,5 í forgjöf og lægra)	Bláir	72 holur	Höggleikur
1. flokkur (8,6 – 15,5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Höggleikur
2. flokkur (15,6 – 22,5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Höggleikur
3. flokkur (22,6 – 29,9 í forgjöf)*	Rauðir	72 holur	Höggleikur**
4. flokkur (30 – 30,9 í forgjöf)*	Rauðir	54 holur	Höggleikur**
5 flokkur (40 + í forgjöf)*	Rauðir	54 holur	Höggleikur**
Öldungaflokkur 50+	Rauðir	54 holur	Höggl/Höggl.m/forgjöf
Öldungaflokkur 65+*	Rauðir	54 holur	Höggl/Höggl.m/forgjöf**

Barna og unglingsflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
10 ára og yngri*	Rauðir	18 (2*9)	Höggleikur**
11-12 ára*	Rauðir	36 (2*18)	Höggleikur**
13-14 ára drengir*	Bláir	54 (3*18)	Höggleikur**
13-14 ára stúlkur*	Rauðir	54 (3*18)	Höggleikur**
15-16 ára drengir*	Gulir	54 (3*18)	Höggleikur**
15-16 ára stúlkur*	Rauðir	54 (3*18)	Höggleikur**

*Spilað í Bakkakoti

**Hámarksskor á hverri braut er 9. högg á báðum völlum.

3. gr – Skráning og skráningarfrestur

Skráning í Meistaramót GM fer fram á golf.is. Skráningarfrestur er til klukkan 20:00 síðasta föstudag fyrir mót. Mótsstjórn er heimilt að taka við skráningum sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn ef pláss er innan þeirra ráshópa sem flokknum hefur verið úthlutað.

4. gr – Rástímar

Rástímaáætlun fyrir mótið í heild sinni er birt með fyrirvara. Rástímaáætlun þessi er síðan uppfærð þegar skráning í mótið lýkur og ætti því að standast að mestu leyti.

Rástímar 1. keppnisdags eru birtir daginn eftir að skráningarfrestur rennur út. Rástímar næstu keppnisdaga á eftir eru birtir eftir að allir keppendur sem leika eiga þann daginn hafa lokið leik daginn á undan.

Raðað er handahófskennd í ráshópa á fyrsta keppnisdegi hvers flokks. Að loknum fyrsta hring er ráðað eftir skori, sæti í flokk. Þar sem neðstu sætin fara í fyrsta ráshóp og síðan koll af kalli.

5. gr – Bráðabandar & umspil

Verði skor jöfn í meistaraflokkum karla og kvenna um 1. sæti skal leika þriggja holu umspil á 10., 11. og 18. braut til úrslita. Fáist ekki niðurstaða eftir umspil leika keppendur bráðabana. Bráðabani skal fara fram á 18. braut þar til úrslit eru fengin. Í öðrum flokkum í högggleik skal leika bráðabana um 1. sæti og skal hann fara fram á 18. braut. Í keppni með forgjöf sem og um 2. og 3. sæti í högggleik er ekki leikinn bráðabani og ræðst röð keppenda af skrifstofubráðabana (þá er reiknað til baka, síðustu 9 holur, þá 6 holur, þá 3 og að lokum 1. Sé staða enn jöfn þá ráðast úrslit með hlutkesti)

Mótsstjórn mun auglýsa tímasetningu umspila og bráðabana. Mæti leikmenn ekki á teig þegar umspil eða bráðabanki á að fara fram telst leikurinn tapaður fyrir þá leikmenn.

Verði skor jöfn í punktkeppni eða forgjafarkeppni ráðast úrslit í skrifstofubráðabana í samræmi við golfreglur.

6. gr – Skil á skorkortum

Notast er við rafræn skorkort í gegnum golfbox. Skorkortin eru undirrituð rafrænt að leik loknum.

7. gr – Golfbílar & kylfuberar

Notkun golfbíla og annarra rafknúinna farartækja er heimil í öllum flokkum að undanskildum meistaraflokki karla og meistaraflokki kvenna. Mótsstjórn getur þó heimilað notkun golfbíla í þessum flokkum ef um læknisfræðileg sjónarmið er að ræða.

Kylfuberar eru heimilaðir í öllum flokkum.

8. gr – Verðlaunaafhending & lokahóf

Lokahóf Meistaramóts GM fer fram að kvöldi síðasta keppnisdags, almennt á laugardagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum. Í öldungaflokkum getur sami leikmaður ekki unnið til verðlauna bæði með og án forgjafar.

Lokahóf barna og unglunga fer fram á fimmtudagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.